

frá m i n s t a h l u t a nefndarinnar í málinu: »Frumvarp til stjórnarskipunarlags um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874, og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903.«

Jeg undirritaður hefi eigi getað orðið meðnefndarmönnum mínum samdóma — hefi hvorki getað felt mig við:

að málinu sje frestað fyrst um sinn, uns sjeð verður, hvað um *sambandsmálið* verður, og þá eigi til meðferðar tekið að nýju, fyr en tjeð mál er til lykta leitt,

né heldur hefi eg getað felt mig við:

að það sje afgreitt með rökstuddri dagskrá, og sje því eigi að þessu sinni afgreitt af Alþingi.

Á hinn bóginn eru það tillögur mínar, að deildin samþykki frumvarpið óbreytt, eins og það var samþykkt á Alþinginu 1911.

Ástæður mínar eru — í sem fæstum orðum — þessar:

A. Að í frumvarpinu felast ýmsar rjettarbætur, sem alls *ekki eiga nje mega dragast*.

Skal í þessu tilliti bent á ákvæðin um *kosningarrjett og kjörgengi kvenna*, — sem og um *rýmkuð kosningar- og kjörgengis-rjettarins að öðru legti* (vinnuhjú o. fl.).

Má því *síst* gleyma, að *siðferðislega ábyrgðin*, að því er þjóðfélagsmálefnið snertir, hvílir á öllum meðlimum þjóðfélagsins *í sameiningu*, sem fullveðja eru (körlum sem konum, og hveðrar stjettar sem eru) — eins og þeim og er öllum *í sameiningu* ætlað, að bera þjóðfélagsbyrðarnar —, og er það því *síst ábyrgðarlaust*, að varna þeim þess, að fá neytt siðferðislegra rjettinda sinna, og því *verra*, sem lengur er, — sem og því *ábyrgðarmeira*, sem *tílfinnin*, hvað órjettinn snertir, verður *rikari*, og hann er, þ. e. órjetturinn, nú þegar orðinn, eigi hvað síst fjölda kvenna hjer á landi, augljós.

Þá er og mjög óheppilegt, og því og viðurhlutamikið, að nýr dráttur verði nú enn á *afnámi konungkjörinna þingmanna*.

Sama er og um fleiri rjettarbætur, sem í frumvarpinu felast.¹⁾

- B. Til þingkosninganna síðustu (1911) var efnt — og aukþinginu stefnt saman — *eingöngu stjórnarskrármálsins vegna*, og fer því *afar-illa* á því, að þingið kasti frá sjer einmitt því verkinu — og sinni alls eigi — sem því var ætlað að vinna.

Hvað mundi sagt um verkamann, er ráðinn væri til ákveðins starfa, og líkt færi að ráði sínu?

- C. Að því er loks snertir það atriðið, sem talið er aðal-ástæðan til þess, að samþykkja ekki frumvarpið, — þ. e. að vafi sje á, og enda litlar líkur til þess, að kgl. staðfesting fáist, þá er — í sem allra-allra fæstum orðum — þessa, þrenns, að geta:

- I. Að *alóvíst* er, að kgl. staðfestingar yrði synjað, ef Alþingi, og ráðherra Íslands, sýndu *alvöru* og *festu*, þ. e. samþykktu frumvarpið nú óbreytt.

Miklar líkur þvert á móti, að því er hið gagnstæða snertir, þ. e. alótrúlegt, að frumvarpið yrði eigi staðfest.

Skal í þessu tilliti bent á:

- a. að Danir (þ. e. danska löggjafarvaldið) hafa, er gefin voru út stöðulögin frá 2. janúar 1871, **viðurkent**: að Ísland hafi »sjerstök landsrjettindi«, sem og, að það hafi »sjerstakleg málefni«, — *án þess þeir hafi* (þ. e. Danir) *með einu orði gegmt sjer rjett til þess, að hafa nokkur afskipti af þeim*, eða áhrif á þau.
- b. að þeir hafa og — þ. e. Dana konungur, er af kgl. einveldi gaf Íslendingum stjórnarskrána frá 5. janúar 1874 — í 1. gr. stjórnarskrárinnar **viðurkent**, að í »sjerstaklegu málefnum« hafi Ísland »löggjöf sína, og stjórn, út af fyrir sig«.
- c. að þeir hafa þá og, er »rikisráðsákvæðið« var sett í stjórnarskipunarlögin frá 3. okt. 1903, þar með **viðurkent** — sbr. 61. gr. stjórnarskrárinnar frá 5. janúar 1874, að því er snertir það, hversu ákvæðunum í stjórnarskránni skuli breytt — að því ákvæði (»rikisráðsákvæðinu«) gæti þá og íslenska löggjafarvaldið breytt, eins og hverju öðru ákvæði stjórnarskrárinnar, ef því svo sýndist.

Hjer ræðir því um **endurtekin loforð** og **viðurkenningar** af Dana hálfu, sem *alls eigi* er ætlandi að þeir — eða rjettara sagt danskir ráðherrar — telji sjer *sæma*, að ráða konungsvaldinu til að *brigða*, sje málstað vorum framfylgt sem vera ber af *einurð* og þá eigi síður af *einlægni*.

Enn fremur má og geta þess — sem dönskum stjórnámalámönnum vitanlega er eigi ókunnugt um —, að þegar alþingi gekk að því, að láta »rikisráðsákvæðið« standa í stjórnarskipunarlögunum frá 3. okt. 1903 — eigandi þá eigi annars úrkosti, sbr. skilyrði *Alberti's* —, þá var því í álitsskjölum þingsins um málið *berlega* lýst yfir, að í það, að alþingi ljet »rikisráðsákvæðið« standa í frumvarpinu, *mætti*

1) Í sambandi við ofan letrað, þykir mjer þó rjett — þ. e. þótt eg, *atvikanna* vegna, ráði til þess, að frumvarpið sje samþykkt alóbreytt — að visa til breytingartillaga minna við frumvarpið á þinginu 1911 — þeirra, er eigi náðu þá fram að ganga.

Sýna þær, að mjer þykir í sumum greinum farið of skammt — frumvarpið engan veginn svo frjálslegt, sem skyldi.

alls eigi á neinn hátt leggja þann skilning, að dönskum ráðherrum væru á nokkurn hátt nokkur afskipti ætluð eða atkvæði gefið að því er sjermál Íslands snertir.

Sbr. þá og í þessu efni einnig alla framkomu Alþingis Íslendinga fyrir og síðar, síðan er stjórnarskráin frá 5. janúar 1874 kom til sögunnar.

- II. Þá er og þess að geta, að í »sambandslaga«- eða »millilanda-nefndinni« kom það ljóst fram, að danskir stjórnámálamenn sáu þá alls engin vankvæði á því, að hætt væri að bera sjermál Íslands upp fyrir konungi í rikisráðinu, þ. e. fjellust á tillögur íslensku nefndarmannanna í því efni.
- III. Enn skal þess getið, að úrfelling »rikisráðsákvæðisins« tákna af hálfu Alþingis **það eitt**, sem alþingi æ hefir fylgt fram, og Danir *lofað* og gengist undir — sbr. hjer að framan — þ. e. tákna það, að dönskum ráðherrum eru **alls engin** áhrif eða afskipti eða atkvæði ætlað, að því er íslensk sjermál snertir.

Á hinn bóginn skiftir það íslensku þjóðina að sjálfsögðu *alls engu*, hvar málin eru borin upp fyrir konungi og undirskrift hans fengin — þ. e. hvort gert er í rikisráðinu eða einhvers staðar annarsstaðar — *þegar viðurkent er og framfylgt í verkinu, að það er ráðherra Íslands einn*, sem um þau á atkvæði, *ásamt konunginum*, alafskiftalaust af hálfu dönsku ráðherranna.

Að lokum skal þess getið, að því *ver* fer og á því, að *hopa* nú undan í máli þessu, þar sem svo heppilega tókst til á alþingi 1911, að *báðir* þingflokkarnir sem þá voru — þ. e. »heimastjórnarmennirnir« engu síður en sjálfstæðisflokkurinn — urðu þá á eitt mál sáttnir, að því er hjer um rætt atriði snertir, sem áður hafði þó verið allhart deiluefni þingflokka þessara.

Eða var það að eins til þess að knýja fram þingrof og nýjar þingkosningar, að »heimastjórnar«-flokkurinn hafði þá skoðanaskiftin?

Út á við — þ. e. er til annara þjóðerna er litið — *getur og eigi hjá því farið, að það dragi að mun úr álití þjóðarinnar*, er hún sýnir slíkt *hviklyndi*, — og þá *eigi hvað síst* í augum dönsku þjóðarinnar, og *spilli þá og fyrir*, að því er *sjálfstæðiskröfur* þjóðar vorrar (sambandsmálið) snertir.

En þar þó að visu *síst* á bætandi — *síst* leikur til þess gerandi að draga úr þjóðarálití voru í öðrum löndum, *eins og nú er komið högum vorum*, — sbr. **afturkippinn**, þreytu-falshjalið og — festuleysið í sjálfstæðisbaráttu vor Íslendinga.

Af framangreindum ástæðum og án þess að fara frekari orðum um málið, verður það því tillaga mín:

að Alþingi samþykki stjórnarskrárfrumvarpið alóbreytt.

Alþingi, 12. ágúst 1912.

Skúli Thoroddsen.